

<b>Titill</b>	<b>Knattspyrnuakademía</b>
<b>Námsgrein</b>	Knattspyrnuakademía
<b>Viðfangsefni</b>	Tækni, styrkur og liðleiki
<b>Skammstöfun</b>	KNAT3AA05
<b>Prep</b>	3 (AA)
<b>Einingafjöldi</b>	5
<b>Lýsing</b>	Afreksíþróttaáfangi í knattspyrnu þar sem viðkomandi nemendur efla tækni, leikskilning, styrk og liðleikja í knattspyrnu
<b>Forkröfur</b>	Gerðar verða ríkar kröfur um stundvísi á æfingar, vinnusemi, aga og heilbrigðan lífsstíl. Nemandinn veit að neysla áfengis, tóbaks, vímuefna eða annarra ólöglegra lyfja er ekki umborin. Brot á þessum reglum varðar brottvísun úr Knattspyrnuakademíunni
<b>Þekkingarviðmið</b>	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á og tileinki sér: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Reglur knattspyrnuakademíunar</li> <li>• Góða gunntækni og góðan leikskilning í fótbolta</li> <li>• Setja sér raunhæf markmið til að ná bætingu í knattspyrnu</li> <li>• Góð mannleg samskipti</li> <li>• Vera virk/ur á æfingum</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Æfa knattspyrnu í hópi nemenda sem stefna á af bæta sinn árangur með hverri æfingu</li> <li>• Framkvæma og framfylgja leiðbeiningum þjálfara</li> <li>• Sýna andlegan styrk og skilning til að standast undir væntingum á æfing sem og í leikjum</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Að þessum áfanga loknum á nemandi að geta:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Æft og spilað kappleiki með það að markmiði að stefna á jákvæða þróun og bætingu</li> <li>• Skilið þörfina fyrir gildi grunnþjálfunnar og mikilvægi endurtekningar til þess að standast kröfur íþróttarinnar og ná betri færni.</li> <li>• Sýni þann aga og lífsstíl sem þarf til að ná árangri í íþróttum.</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	Símatsáfangi og verkefnaskil á hverri önn. Mæting og virkni stærsti þátturinn í námsmati sem og skil á verkefnum.